

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Rósmund Jóhannsson og Jónínu G. Sigurðardóttur sem staðfest var 8. maí 2006 nr. 431.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa Sigurður Bernódusson, kt. 060149-4459, Sigurður Hólm Sigurðsson, kt. 040346-2799 og Rósmundur Númason, kt. 160953-7999. Óski einhver stjórnarmanna að láta af störfum skal meirihluti stjórnar skipa nýjan stjórnarmann. Skal þess þá gætt að hver hinna þriggja eftirlifandi ættleggja afkomenda hjónanna Rósmundar Jóhannssonar og Jónínu G. Sigurðardóttur eigi ávallt einn fulltrúa í stjórn sjóðsins hverju sinni.

7. gr. orðist svo:

Sjóðurinn er í vörslu sýslumannsins á Hólmavík sem ber ábyrgð á honum og skal velja bestu ávöxtunarleiðina fyrir fjármuni sjóðsins hverju sinni.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um hjónin Rósmund Jóhannsson og Jónínu G. Sigurðardóttur staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 6. nóvember 2007.

Ríkarður Másson.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2007